



REGLUGERÐ

Um viðulög við notkun ólöglegra leikmanna

1. gr.

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni í íshökkíleik skulu mörk þess þurrkast út og það tapa leiknum með fimm mörkum (5 – 0). Mörk sigurliðs standa óbreytt ef þau eru fleiri en 5.

2. gr.

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni samkvæmt dómstól ÍSÍ, þá skal dæma félagið í fjársekt.

3. gr.

Við ítrekuð brot samkvæmt dómstól ÍSÍ skal aganefnd dæma félagið í fjársektir og félaginu vísað frá keppni í allt að 6 mánuði eftir eðli málsins.

4. gr.

Kærufrestur er 10 virkir dagar¹.

5. gr.

Verði félag uppvíst að því að nota leikmann innlendan og eða erlendan sem samkvæmt félagaskiptareglum þarf alþjóðlegt félagaskiptakort (Transfer card) frá IIHF án þess að leikheimild hafi verið gefin út á viðkomandi leikmann skal stjórn ÍHÍ sekta viðkomandi félag samkvæmt verðskrá ÍHÍ sem sambandið gefur út í upphafi hvers tímabils.

Samþykkt á íshökkíþingi 2025

-

¹ Á Íþróttáþingi 2025 var kærufresti Dómstóla ÍSÍ breytt í 10 virka daga. Þessi grein er uppfærð samkvæmt því